

KPMG ehf.

Ársreikningur 2022

samstæða og móðurfélag

1. október 2021 til 30. september 2022

KPMG ehf.
Kt. 590975-0449
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

KPMG ehf. er aðili að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita faglega þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta og ráðgjafar.

Hjá KPMG ehf. samstæðu voru 287 starfsmenn í lok rekstrarárs, konur 164 og 123 karlar. Ársverk voru 247 á árinu.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga ásamt ársreikningi móðurfélagsins, en í samstæðunni eru þrjú félög.

Rekstur ársins 2022 og framtíðarhorfur

Tekjur samstæðunnar af seldri þjónustu námu 5.891 millj. kr. (2021: 5.303 millj. kr.) sem er 11.1% vöxtur frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam 527 millj. kr. (2021: 474 millj. kr.). Eignir samstæðunnar í septemberlok 2022 námu 2.247 millj. kr. (2021: 2.159 millj. kr.) og bókfært eigið fé í nam 724 millj. kr. (2021: 661 millj. kr.) Eiginfjárlutfall var 32% á sama tíma 2022, samanborið við 31% árið áður. Rekstur á árinu 2022 var í samræmi við væntingar og áfram er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu á komandi rekstrarárum verði góð.

Megin óvissa í starfsemi félagsins felst í almennum efnahagshorfum. Þar hefur áhrif m.a. launaþróun á Íslandi, aukin verðbólga og hærra vaxtastig auk COVID. Það er mat stjórnar félagsins að áhrif þessara þátta hafi verið óveruleg á rekstrarárinu. Útlánaáhætta felst í viðskiptakröfum félagsins en mat á niðurfærsluþörf þeirra er sýnd í skýringu 17. Engar vaxtaberandi skuldir hvíla á félaginu og viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru óveruleg. Markaðs- og gengisáhætta hjá félaginu er því óveruleg.

Hluthafar

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 35 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 1,9 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Hluthafar voru 34 í lok reikningsárs, en voru 35 árið áður. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila. Vísað er í skýringu 23 um eignarhluta í félaginu.

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 490 millj. kr. verði greiddur til hluthafa á árinu 2023 vegna ársins 2022, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Sjálfbærni og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

KPMG leggur áherslu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð og hefur sett sér stefnu í þeim málum. Innan félagsins er starfrækt sjálfbærninefnd sem markar stefnu félagsins og gefur árlega út sérstaka sjálfbærniskýrslu samhliða ársskýrslu félagsins þar sem dregnar eru fram tölulegar upplýsingar um mælikvarða og markmið félagsins eftir því sem við á. Stefna KPMG tekur mið af öllum þáttum sjálfbærni út frá mikilvægi þeirra en meginverkefnin eru tengdir umhverfis- og æðamálum, ábyrgðum viðskiptum, vinnuvernd og öryggismálum og samfélagsábyrgð.

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins gefur KPMG út gagnsæisskýrslu árlega.

Stjórnarhættir

KPMG leggur sig fram um að viðhalda góðum og viðurkenndum stjórnarháttum. Skipulag KPMG styður við samræmda gæðaðþjónustu og fylgni við sameiginleg gildi. KPMG rekur öflugt og samræmt gæðastjórnunarkerfi í því skyni að unnið sé í samræmi við siðferðiskröfur, heilindi og óhæði.

Í stjórn KPMG ehf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið skilyrði laga um einkahlutafélög og kynjahlutföll stjórnar félagsins. Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð fjórum konum og fjórum körlum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. september 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn KPMG ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. nóvember 2022

Í stjórn félagsins:

Rafræn undirritun stjórnenda félagsins er á forsíðu ársreiknings.

Hrafnhildur Helgadóttir, formaður
Ágúst Karl Guðmundsson
Haraldur Örn Reynisson
Magnús G. Erlendsson
Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Hlynur Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa KPMG ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu og móðurfélags KPMG ehf. (samstæðan og móðurfélag) fyrir árið 2022, sem nær yfir tímabilið frá 1. október 2021 til 30. september 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins fyrir reikningsárið 2022, efnahag þess 30. september 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð KPMG ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan. Þá nær álit okkar ekki yfir ófjárhagslega upplýsingagjöf svo sem sjálfbærnistefnu sem er birt samhliða ársreikningi þessum.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins móðurfélags og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi KPMG ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins móðurfélags og samstæðu

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningur móðurfélags og samstæðu sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlaðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningi móðurfélags og samstæðu, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningur móðurfélags og samstæðu gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 17. nóvember 2022

BDO ehf.

Rafræn undirritun endurskoðanda er á forsiðu ársreiknings.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

fyrir tímabilið 1. október 2021 til 30. september 2022

		Samstæða		Móðurfélag	
	Skýr.	1.10.2021 - 30.9.2022	1.10.2020 - 30.9.2021	1.10.2021 - 30.9.2022	1.10.2020 - 30.9.2021
Rekstrartekjur					
Seld þjónusta		5.688.990	5.189.710	5.688.990	5.189.710
Aðrar tekjur		201.870	113.701	192.948	110.778
		<u>5.890.860</u>	<u>5.303.411</u>	<u>5.881.938</u>	<u>5.300.488</u>
Rekstrargjöld					
Aðkeypt þjónusta til endursölu		320.263	244.785	320.263	243.444
Laun og launatengd gjöld	9	4.010.336	3.665.436	4.010.336	3.666.589
Húsnæðiskostnaður		323.469	301.171	323.469	301.171
Annar rekstrarkostnaður		542.419	474.955	534.215	473.191
Afskriftir	13	32.164	24.119	22.332	20.239
		<u>5.228.651</u>	<u>4.710.466</u>	<u>5.210.615</u>	<u>4.704.634</u>
Rekstrarhagnaður		662.209	592.945	671.323	595.854
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	10	22.360	9.339	22.263	9.274
Fjármagnsgjöld	10	(19.065)	(10.133)	(18.698)	(9.491)
		<u>3.295</u>	<u>(794)</u>	<u>3.565</u>	<u>(217)</u>
Áhrif dótturfélaga	14	0	0	(9.622)	(3.501)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		665.504	592.151	665.266	592.136
Tekjuskattur	16	(138.342)	(118.214)	(138.104)	(118.199)
Hagnaður ársins	18	527.162	473.937	527.162	473.937

Efnahagsreikningur 30. september 2022

		Samstæða		Móðurfélag	
	Skýr.	30.9.2022	30.9.2021	30.9.2022	30.9.2021
Eignir					
Viðskiptavild	4,11	202.288	78.134	74.291	18.447
Aðrar óefnislegar eignir	4,11	7.369	3.488	7.369	3.488
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,12	102.847	88.804	102.847	88.804
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	14	3.150	3.150	158.689	79.977
Skuldabréfaeign	15	31.562	19.998	31.562	19.998
Tekjuskattseign	6,16	18.178	44.874	18.178	44.906
Fastafjármunir		365.394	238.448	392.936	255.613
Viðskiptakröfur	7,17	1.182.887	917.857	1.177.540	914.166
Kröfur á tengd félög		0	0	360	2.624
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	15	6.622	20.548	6.622	20.548
Aðrar skammtímakröfur		40.464	25.840	34.843	24.803
Handbært fé	8	651.459	956.464	631.931	936.474
Veltufjármunir		1.881.432	1.920.709	1.851.296	1.898.615
Eignir samtals		2.246.826	2.159.157	2.244.232	2.154.228
Eigið fé					
Hlutfé		33.150	32.700	33.150	32.700
Yfirverðsreikningur		118.214	100.814	118.214	100.814
Lögbundinn varasjóður		8.288	8.175	8.288	8.175
Bundinn hlutdeildarreikningur		8.802	8.402	8.802	8.402
Óráðstafað eigið fé		555.321	510.672	555.321	510.672
Eigið fé samtals	18	723.775	660.763	723.775	660.763
Skuldir					
Viðskiptaskuldir		412.002	314.728	402.774	295.550
Skuldir við tengd félög		0	0	6.853	18.554
Skattar ársins	16	111.646	105.265	111.376	105.265
Aðrar skammtímaskuldir	19	999.403	1.078.401	999.454	1.074.096
Skammtímaskuldir		1.523.051	1.498.394	1.520.457	1.493.465
Skuldir samtals		1.523.051	1.498.394	1.520.457	1.493.465
Eigið fé og skuldir samtals		2.246.826	2.159.157	2.244.232	2.154.228
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings					

22

Sjóðstreymisýfirlit

fyrir tímabilið 1. október 2021 til 30. september 2022

		Samstæða		Móðurfélag	
	Skýr.	1.10.2021 - 30.9.2022	1.10.2020 - 30.9.2021	1.10.2021 - 30.9.2022	1.10.2020 - 30.9.2021
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður ársins		527.162	473.937	527.162	473.937
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Hagnaður af sölu eigna	12 (	20.828)	0 (	20.828)	0
Afskriftir	13	32.164	24.119	22.332	20.239
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10 (	3.295)	794 (	3.565)	217
Áhrif dótturfélaga	14	0	0	9.622	3.501
Tekjuskattur	6,16	138.342	118.214	138.104	118.199
Veltufé frá rekstri		673.545	617.064	672.827	616.093
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun	(	265.970)	114.884 (	287.279)	92.673
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	1.090)	(48.658)	2.571 (	35.494)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		267.060)	66.226	284.708)	57.179
Innheimtar vaxtatekjur		14.398	10.601	14.301	10.536
Greidd vaxtagjöld	(	11.512)	(7.016)	(11.404)	(6.999)
Greiddur tekjuskattur	(	105.265)	(73.286)	(105.265)	(73.286)
Handbært fé frá rekstri		304.106	613.589	285.751	603.523
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í öðrum rekstri	11,14 (	127.141)	(30.000)	(127.141)	(30.000)
Fjárfesting í öðrum óefnislegum eignum	11 (	3.957)	0 (	3.957)	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12 (	30.315)	(17.871)	(30.315)	(17.871)
Söluverð eigna	12	28.000	0	28.000	0
Kröfur á tengd félög, breyting		0	0	18.788 (	828)
Skuldabréfaeign, breyting		7.331	23.829	7.331	23.829
		126.082)	24.042)	107.294)	24.870)
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður	18 (	470.000)	(250.000)	(470.000)	(250.000)
Kaup á eigin hlutabréfum	18 (	13.000)	(13.000)	(13.000)	(13.000)
		483.029)	263.000)	483.000)	263.000)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(	305.005)	326.547	(304.543)	315.653
Handbært fé í upphafi tímabils		956.464	629.917	936.474	620.821
Handbært fé í lok tímabils		651.459	956.464	631.931	936.474
Hreyfingar án greiðsluáhrifa:					
Ógreidd fjárfesting í öðrum rekstri	19	20.000	37.000	20.000	37.000
Kaup á eigin hlutabréfum	18	0 (	14.100)	0 (	14.100)
Selt hlutafé	18	18.850	20.800	18.850	20.800
Breyting skuldabréfaeignar	15 (	18.850)	(20.800)	(18.850)	(20.800)
Hækkun skammtímaskulda	19	0	14.100	0	14.100

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðureikning þess og dótturfélaga, ásamt ársreikningi móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélögnum eru færðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

2. Innlaun tekna

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikninginn.

4. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild hefur myndast við kaup á öðrum rekstri og við kaup á dótturfélögum. Mismunur á kostnaði við yfirtöku og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda myndar viðskiptavild. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á fimm til tíu árum.

Aðrar óefnislegar eignir eru hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður á fjórum árum.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við nýtingartíma rekstrarfjármunanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Áhöld, tæki og innréttingar	3-12 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

6. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Tekjuskattseign er ekki færð upp nema að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Um er að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinist þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Laun	3.034.401	2.746.723	3.034.401	2.745.548
Lífeyrisðgjöld	406.748	368.444	406.748	368.238
Önnur launatengd gjöld	569.187	550.269	569.187	552.803
Laun og launatengd gjöld samtals	4.010.336	3.665.436	4.010.336	3.666.589
Ársverk	247	237	247	237
Starfsmenn í árslok	287	247	287	247

Laun framkvæmdastjóra voru 48 millj. kr. á rekstrarárinu (41 millj. kr. árið 2021).

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Vaxtatekjur	22.360	9.339	22.263	9.274
Fjármunatekjur samtals	22.360	9.339	22.263	9.274
Vaxtagjöld	(11.512)	(7.016)	(11.404)	(6.999)
Gengistap	(7.553)	(3.117)	(7.294)	(2.492)
Fjármagnsgjöld samtals	(19.065)	(10.133)	(18.698)	(9.491)
Fjármunatekjur að frádrögnum fjármagnsgjöldum	3.295	(794)	3.565	(217)

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir þeirra greinast þannig:

Samstæða	Viðskipta-vild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.10.2021	78.134	3.488	81.622
Fjárfesting á árinu	147.141	3.957	151.098
Niðurfært á árinu	(22.987)	(76)	(23.063)
Bókfært verð 30.9.2022	202.288	7.369	209.657
Afskriftahlutföll	10-20%	25%	
Móðurfélag			
Bókfært verð 1.10.2021	18.447	3.488	21.935
Fjárfesting á árinu	68.998	3.957	72.955
Niðurfært á árinu	(13.155)	(76)	(13.231)
Bókfært verð 30.9.2021	74.291	7.369	81.660
Afskriftahlutföll	10-20%	25%	

Á árinu 2022 fjárfesti félagið í öðrum rekstri til að styðja við starfsemi þess og auka þjónustuframboð félagsins. Þar á meðal festi félagið kaup á RR ráðgjöf, sem er sérhæft ráðgjafafyrirtæki í þjónustu við sveitarfélög, sem og rekstri OZIO, sem sérhæfir sig í ráðgjöf og hugbúnaðarþróun á stafrænum lausnum fyrir Microsoft vinnuumhverfið.

Skýringar, frh.:

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Samstæða og móðurfélag			
Heildarverð 1.10.2021	54.299	403.641	457.940
Afskrifað áður	(34.548)	(334.588)	(369.136)
Bókfært verð 1.10.2021	19.751	69.053	88.804
Viðbót á árinu	0	30.315	30.315
Selt og fært út á árinu	(7.171)	0	(7.171)
Afskrifað á árinu	(1.290)	(7.811)	(9.101)
Bókfært verð 30.9.2022	11.290	91.557	102.847
Heildarverð 30.9.2022	47.128	433.956	488.255
Afskrifað samtals 30.9.2022	(35.838)	(342.399)	(385.408)
Bókfært verð 30.9.2022	11.290	91.557	102.847
Afskriftahlutföll	2-3%	8-33%	

Félagið seldi á árinu fasteign sína í Borgarnesi og nam söluverð eignarinnar 28 millj.kr. og söluhagnaður nam 21 millj. kr. Vátryggingaverð fasteigna félagsins nam 252 millj. kr. í lok september 2022. Fasteignamat þeirra ásamt lóðum nam 94 millj. kr. á sama tíma.

13. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Afskriftir rekstarfjármuna, sbr. skýringu 12	9.101	13.189	9.101	13.189
Niðurfærsla ófnislegra eigna, sbr. skýringu 11	23.063	10.930	13.231	7.050
	32.164	24.119	22.332	20.239

14. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Móðurfélagið á þrjú dótturfélög og eitt hlutdeildarfélag í lok september. Hlutdeildarfélagið er þjónustufélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Hlutdeild samstæðunnar í rekstrarárangri dótturfélaga og áhrif þeirra á samstæðureikning félagsins greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í rekstri	Bókfært verð 30.9.2022
Innifalin í samstæðureikningi			
KPMG legal ehf., Reykjavík	100%	400	14.011
Circular Solutions ehf., Reykjavík	100%	(8.462)	64.937
RR ráðgjöf ehf., Reykjavík	100%	(1.560)	76.591
Áhrif dótturfélaga samtals		(9.622)	155.539
Aðrir eignarhlutir			
KPMG Nordic Solutions OU, Eistland	20,0%	0	3.150
		0	3.150
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga samtals		(9.622)	158.689

Skýringar, frh.:

15. Skuldabréfaeign

Við sölu á hlutum í félaginu hefur félagið tekið við skuldabréfum sem greiðslu. Skuldabréfin greiðast upp á fimm árum. Þau eru verðtryggð með neysluverðsvísitölu og miðast vaxtakjör við kjörvexti Landsbankans hf. að viðbættu 1,5% álagi.

Yfirlit um skuldabréfaeign

	2022	2021
Skuldabréf bundin vísitölu neysluverðs	38.184	40.546
Afborganir næsta árs	(6.622)	(20.548)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi	31.562	19.998

Afborganir af skuldabréfaeign greinast þannig á næstu ár

	2022	2021
Árið 1.10.2021 - 30.9.2022		20.548
Árið 1.10.2022 - 30.9.2023	6.622	2.587
Árið 1.10.2023 - 30.9.2024	5.028	3.372
Árið 1.10.2024 - 30.9.2025	5.971	3.602
Árið 1.10.2025 - 30.9.2026	10.815	10.437
Árið 1.10.2026 - 30.9.2027	9.748	0
Skuldabréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	38.184	40.546

16. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		Samstæða 2022		Móðurfélag 2022
Hagnaður ársins		527.162		527.162
Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi		138.342		138.104
Hagnaður fyrir tekjuskatt		665.504		665.266
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	133.101	20,0%	133.053
Aðrir liðir	0,8%	5.241	0,8%	5.051
Virkur tekjuskattur	20,8%	138.342	20,8%	138.104

Tekjuskattseign greinist þannig:

	Samstæða 2022	Samstæða 2021	Móðurfélag 2022	Móðurfélag 2021
Tekjuskattseign 1.10.2021	44.874	57.840	44.906	57.840
Yfirfært í samstæðu	0	(17)	0	0
Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi	(138.342)	(118.214)	(138.104)	(118.199)
Tekjuskattur til greiðslu	111.646	105.265	111.376	105.265
Tekjuskattseign 30.9.2022	18.178	44.874	18.178	44.906
Tekjuskattseign skiptist þannig:				
Rekstrarfjármunir	(11.013)	(3.094)	(11.013)	(3.094)
Óefnislegar eignir	(817)	(436)	(817)	(436)
Viðskiptakröfur	8.469	17.454	8.469	17.696
Skuldbinding	20.400	30.400	20.400	30.400
Annað	1.139	550	1.139	340
Tekjuskattseign 30.9.2022	18.178	44.874	18.178	44.906

Skýringar, frh.:

17. Skammtímakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Niðurfærsla 1.10.2021	199.692	257.838	194.692	252.838
Tapaðar kröfur á árinu	(17.102)	(22.160)	(17.102)	(22.160)
Tekjufærð niðurfærsla á árinu	(27.646)	(35.986)	(22.646)	(35.986)
Niðurfærsla 30.9.2022	154.944	199.692	154.944	194.692

18. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 35 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 1,9 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Hlutdeildar reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.10. 2021.....	32.700	100.814	8.175	8.402	510.672	660.763
Selt hlutfé.....	1.450	17.400				18.850
Keypt hlutfé.....	(1.000)				(12.000)	(13.000)
Lagt í varasjóð.....			113		(113)	0
Arður til hluthafa					(470.000)	(470.000)
Hagnaður ársins				400	526.762	527.162
Eigið fé 30.9. 2022.....	33.150	118.214	8.288	8.802	555.321	723.775

Í samræmi við ársreikningalög hefur félagið fært fjárhæð sem nemur hlutdeild í afkomu dótturfélaga, umfram móttæknar arðgreiðslur á árinu, á sérstakan bundinn reikning meðal eigin fjár. Staða bundins eiginfjárreiknings vegna hlutdeildar í afkomu getur ekki orðið neikvæð.

19. Skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	556.113	670.232	556.113	670.232
Virðisaukaskattur og annar ógreiddur kostnaður	443.290	408.169	443.341	403.864
Aðrar skammtímaskuldir samtals	999.403	1.078.401	999.454	1.074.096

20. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila teljast stjórnarmenn, stjórnendur og félög í meirihlutaeigu þeirra.

Yfirlit um viðskipti milli samstæðufélaga

	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir	Viðskipta- skuldir	Seld þjónusta	Seld þjónusta
	30.9 2022	30.9 2021	30.9 2022	30.9 2021	2022	2021
KPMG legal ehf.	51	961	0	0	2.994	7.456
Circular Solutions ehf.	309	1.663	0	0	0	1.647
RR ráðgjöf ehf.	0	0	6.853	0	17.465	0
Samtals	360	2.624	6.853	0	20.459	9.103

21. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar á árinu 2022 nam 4,1 millj. kr. (2021: 3,8 millj. kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi.

22. Skuldbindingar

Félagið hefur gert leigusamninga um bifreiðar og um nokkrar af starfsstöðvum félagsins. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar um skrifstofuhúsnæði eru til allt að septemberloka 2038 en leigusamningar um bifreiðar eru að jafnaði til 3ja ára í senn. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningarnir um skrifstofuhúsnæði eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á viðeigandi vísitölum. Leigusamningar um bifreiðar eru óverðtryggðir. Félagið greiðir mánaðarlega fasta rekstrarleigugreiðslu af bifreiðaleigu auk viðbótargreiðslna í árslok ef akstur á árinu fer yfir tiltekin mörk. Skuldbinding félagsins vegna rekstrarleigu bifreiða nam í lok rekstrarársins 24 millj. kr.

Núvirt skuldbinding félagsins vegna samninganna nemur um 2.140 millj. kr. á verðlagi í septembermánuði 2022. Leigugreiðslur á árinu 2022 námu 268 millj. kr. og eru færð á meðal annars rekstrarkostnaðar. Næsta árs áætlaðar leigugreiðslur nema 286 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings né mögulegra viðbótargreiðslna af bifreiðaleigu fari notkun umfram tiltekin mörk.

	Samstæða og móðurfélag	
	2022	2021
Leigugreiðslur árið 2023/2022	286.205	250.909
Leigugreiðslur árið 2024/2023	264.606	19.431
Leigugreiðslur árið 2025/2024	252.310	8.977
Leigugreiðslur árið 2026/2025	246.442	5.839
Leigugreiðslur árið 2027/2026	240.016	0
Síðar	2.563.145	0
Rekstrarleigugreiðslur samtals	3.852.724	285.156

Skýringar, frh.:

23. Hluthafalisti

	Eignarhlutur
Auðunn Guðjónsson	1.000
Auður Ósk Þórisdóttir	1.000
Ágúst Karl Guðmundsson	1.000
Árni V. Claessen	650
Birna M. Rannversdóttir	1.000
Davíð Kristján Halldórsson	1.000
Guðrún Björk Stefánsdóttir	1.000
H. Ágúst Jóhannesson	1.000
Haraldur Örn Reynisson	1.000
Helga Harðardóttir	1.000
Hjördís Ýr Ólafsdóttir	1.000
Hlynur Sigurðsson	1.000
Hrafnhildur Helgadóttir	1.000
Höskuldur Eiríksson	1.000
Jóhann I.C. Solomon	1.000
Jón Arnar Óskarsson	1.000
Jón S. Helgason	1.000
Jónas Rafn Tómasson	1.000
Kristján Jónasson	1.000
Kristrún Helga Ingólfssdóttir	1.000
Magnús G. Erlendsson	1.000
Magnús Jónsson	1.000
Magnús Kristjánsson	1.000
Matthías Þór Óskarsson	1.000
Ólafur Már Ólafsson	1.000
Reynir Stefán Gylfason	1.000
Sigríður Helga Sveinsdóttir	500
Sigríður Soffía Sigurðardóttir	1.000
Sigurjón Örn Arnarson	1.000
Soffía E. Björgvinsdóttir	1.000
Steinþór Pálsson	1.000
Svanbjörn Thoroddsen	1.000
Sæmundur Valdimarsson	1.000
Þorsteinn Þorsteinsson	1.000
	<u>33.150</u>